

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 1997

Nr. 554

1246

22. september 1997

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 154/1963, um skiptingu
Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, með síðari breytingum.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkurprófastsdæmis eystra samkvæmt ákvæðum 16. tölul. 1. gr. laga nr. 62/1990 um skipan prestakalla o.fl. og samkvæmt meðmælum biskups Íslands, eru eftirfarandi breytingar gerðar á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963 og síðari breytingum með auglýsingum nr. 189/1967, 71/1968, 143/1971, 74/1972, 234/1973, 57/1975, 285/1980 og 217/1987.

Tölulíðir 19 (Digranesprestakall) og 24 (Hjallaprestakall) orðist svo:

19. Digranesprestakall:

Digranessókn. Sóknin nær yfir Kópavogskaupstað austan Hafnarfjarðarvegur og vestan eftirtalinnar markalínu: Vestan Birkigrundar, eftir Nýbýlavegi, milli húsa nr. 78 og 80 austan Túnbrekku, norðan Lundarbrekku, austan Selbrekku og vestan Fögrubrekku, yfir Álfhólsveg (hús nr. 113 og lægri að norðanverðu og hús nr. 98 og lægri að sunnanverðu tilheyri Digranessókn), austan Skálaheiðar, vestan Hlíðarhjalla, þaðan beina stefnu til suðurs að Reykjanesbraut og eftir henni að bæjarmörkum Kópavogs og Garðabæjar.

24. Hjallaprestakall.

Hjallaprestakall. Sóknin nær yfir Kópavogskaupstað austan eftirtalinnar markalínu: Frá bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur, vestan Birkigrundar, eftir Nýbýlavegi, milli húsa nr. 78 og 80, austan Túnbrekku, norðan Lundarbrekku, austan Selbrekku og vestan Fögrubrekku, yfir Álfhólsveg (hús nr. 113 og lægri að norðanverðu og hús nr. 98 og lægri að sunnanverðu tilheyri áfram Digranessókn), austan Skálaheiðar, vestan Hlíðarhjalla, þaðan beina stefnu til suðurs að Reykjanesbraut og eftir henni að bæjarmörkum Kópavogs og Garðabæjar.

Önnur ákvæði auglýsingar nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa. Sóknargjöld ársins 1997 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga. Auglýsing þessi tekur gildi 1. október 1997.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. september 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalte Zóphóníasson.

Gutenberg